

3.fundur Stjórn foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla veturinn 2025-2026

Mættir: Óli Már, Kiddi, Elfa Hlín, Katla og Sigurveig sem ritar fundargerð. Halla Dröfn og Eva boða forföll.

1. Tölvupóstur frá Stefaníu Malen grunnskólafulltrúi Múlapings um kynningu á Farsældarsáttmálanum. Verið að stefna á kynningarherferð frá Heimili og skóla þar sem átti að sameina ferð fyrir þessa kynningu í alla skóla Múlapings. Elfa lét vita f.h. okkar að við hefðum áhuga á þessu og verðum upplýst frekar um tímasetningu síðar.
2. Lego-keppni hjá grunnskólanemum: Sótt var um styrk hjá foreldrafélaginu og var samþykkt að veita sama styrk og á síðasta ári. Lego-keppnin var í Reykjavík um síðastliðna helgi og tókst ferðin vel í alla staði.
3. Hrekkjavaka, ákveðið var hjá skólastjórnendum að sleppa mykraballi með því sniði sem hefur verið áður en var haft inn í skóladagskrá á hrekkjavökudaginn og var almenn ánægja með það.
4. Kiddi sagði frá síðasta skólaráðsfundi þar sem ýmislegt var rætt. Foreldrafélag fór með á fundinn hvort áhugi væri að fá þurrkskáp í skólann (af fjármagni sem var afgangs af bláu kubba söfnun). Skólastjóri ætlaði að skoða áhuga fyrir þessu hjá sínu fólki og láta vita. Kiddi spurði eftir fræðsluþörf í skólanum og ekkert var sérstakt sem kom þar fram. Hins vegar bindum við vonir við góða ferð fulltrúa frá Heimilis og skóla vegna farsældarsáttmálans.
5. Rætt um jólahefðir og jólaball, ákveðið að kanna málið hvort einhver áhugi meðal foreldra í leikskóla og hvort eigi eitthvað að skoða að vinna að sameiginlegu átaki við að koma jólaballi á í bænum aftur.
6. Ákveðið að prófa að hvetja tengla til að koma með hugmyndir og gera eitthvað skemmtilegt með sínum hópum á aðventunni. Sigurveig sendir póst á tengla.

Fundi slitið 17.32